



Útinám => föstu tímarnir á yngsta stigi

Stuðst er við vitin 3 sem eru hluti af einkunnarorðum skólans.



Áherslur: Við erum **lífverur náttúrunnar**. Við erum **einstaklingar** í samfélagi með öðru fólki og fylgjum **samskipta- og öryggisreglum** samfélagsins.

 náttúran í nærumhverfi okkar

 upplifun, skynjun, eftirtekt, uppgötvun

 áhrif mín á náttúru og áhrif náttúru á mig

 öryggi og reglur

 ábyrgð mín gagnvart umhverfinu

 samskipti mín við samborgara mína

 áhrif annarra í samfélaginu á mig

 Hanna, smíða, skapa, búa til (hluti og leiki).

* Heimilisfræðin er á móti útinámstímunum í 3.-4.b. (hluti af hópnum í heimilisfræði aðra vikuna og útinámi næstu) og verður kennd utandyra að mestu leyti fram að áramótum, en að mestu leyti innandyra eftir það. Nemendur í 1.-2.b. eru saman í útinámi. Heimilisfræði er á öðrum tíma.

* Til viðbótar við föstu útinámstímarnir í stundatöflu nemenda eru allir kennarar skólans hvattir til að nýta tækifæri í hverri lotu til að vinna að ýmsum verkefnum í sem flestum námsgreinum (stæ., ísl., tungumálum, náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttum, heimilisfræði, myndmennt o.s.frv.) utandyra t.d. í gegnum leiki, rannsóknarvinnu eða í beinni tengingu við hluti úr nærumhverfinu.